

Borgarráð

Gjalddagar fasteignaskatta og lóðarleigu 2018

Lagt er til að borgarráð samþykki að gjalddagaskipting fasteignagjalda fyrir árið 2018 verði eftirfarandi:

Greiðendur fasteignagjalda skulu gera skil á fasteignagjöldum ársins 2018 með 9 jöfnum greiðslum á eftirfarandi gjalddögum: 3. febrúar, 4. mars, 2. apríl, 2. maí, 2. júní, 2. júlí, 4. ágúst, 1. september og 2. október.

Þá er lagt til að nemi álagning fasteignagjalda 25.000 kr. eða lægri fjárhæð á fastanúmer greiði gjaldendur þau með einum gjalddaga þann 3. febrúar. Lagt er til að gjalddagar krafna vegna framkvæmdar afsláttar til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi verði 3. nóvember, 3. desember og 2. janúar. Lagt er til að þeir sem eiga inneignir fái þær greiddar út 6. nóvember 2018.

Greinargerð:

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir einnig að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Skv. 5. mgr. sömu greinar er eindagi fasteignaskatts 30 dögum eftir gjalddaga. Tillagan felur í sér óbreytta skipan mála frá fyrra ári, 2017.

Dagur B. Eggertsson